

**Fundargerð ellefta fundar verkefnisstjórnar NordBio áætlunarinnar.  
Fundurinn haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu miðvikudaginn 19. mars 2014.**

Mættir: Halldór Runólfsson, Jón Geir Pétursson og Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð. Jafnframt tók Danfríður Skarphéðinsdóttir þátt í fundinum.  
Forföll: Stefán Stefánsson.

Formaður setti fundinn kl. 13.00.

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt.

**2. EK-FJSL fundur 18. mars**

HR og JGP greindu frá fundi í EK-FJSL sem haldinn var í Norræna húsinu í Reykjavík 18. mars. Þar voru meðal annars teknar fyrir tillögur norræna stýrihópsins, byggðar á tillögum íslensku verkefnisstjórnarinnar, um fjárveitingar til NordBio verkefnanna og þær samþykktar. Alls var þannig samþykkt að 6,6 MDDk væru til verkefnanna fimm, þ.e. 2,8 mddk til Biophilia, 2,0 mddk til Innovation in the Nordic Bioeconomy, 0,6 mddk til ERMOND, 0,6 mddk til Marina og 0,6 mddk til WoodBio.

Þá samþykkti EK-FJSL tillögu um að setja á laggirnar „ad hoc“ vinnuhóp í tengslum við þá greiningar- og kortlagningarvinnu sem fyrirhuguð er. Talsverð umræða varð um það verkefni á fundinum. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að Ísland (sem formennskuland), Nordregio, Nordisk Innovation, NordForsk, NordGen, NEF og NMRS eigi fulltrúa í vinnuhópnum. Hvatt var til þess að útvíkka hópinn enn frekar og bjóða umhverfisgeiranum, skógræktinni og fiskigeiranum aðild að honum. Áhersla var lögð á að Ísland, sem formennskuland, hefði ótvíræða forystu í starfi hópsins.

JGP greindi frá því að í hans stað myndi Björn Helgi Barkarson vinna með greiningar- og kortlagningarhópnum, ásamt Torfa Jóhannessyni. HR og JGP boða fund með Torfa og Birni til að ræða vinnu hópsins. Stefnt er að því að boða til fyrsta fundar hans í í byrjun apríl í Kaupmannahöfn.

**3. Kostnaðaráætlun NordBio**

Verkefnisstjóri hafði sent uppfærða kostnaðaráætlun til fundarmanna. Hún var rædd en ákveðið að fresta til næsta fundar þar sem verkefnisstjórnin er ekki fullmönnuð.

**4. Samningar um NordBio**

Framhald á umræðum frá síðasta fundi verkefnisstjórnar. Fram hefur komið að NMRS mun gera sérsamning vegna allra fimm verkefnanna. Samningsgerð vegna Biophiliiu er langt komin og mikilvægt að hefja þá vinnu sem fyrst vegna annarra verkefna. Rætt var um að líklega væri skilvirkast að NMRS semdi beint við ábyrgðastofnanir hvers verkefnis en mikilvægt að íslenska verkefnisstjórnin sé vel upplýst og staðfesti samninganna fyrir sitt leyti.

Formanni falið að ræða útfærslu samningsgerðar við NMRS.

**5. Önnur mál.**

*Þekkingarlestin.* Verkefnisstjóri greindi frá fundi fyrr um daginn með verkefnisstjórum NordBio verkefnanna og umsjónarmönnum þekkingarlestarinnar sem nú mun keyra undir merkjum Biophiliiu. Önnur verkefni NordBio eru hvött til að taka þátt og hafa verkefnisstjórnarnir sýnt því mikinn áhuga. Lestin mun fara á sex staði á landinu árið 2014, í maí og í ágúst.

*Umsóknir um aðstoð við vöruþróun.* Verkefnisstjóri greindi frá því að umsóknarfrestur Matís um vöruþróunaraðstoð rann út 13. mars. Alls bárust 65 umsóknir. Áætlað er að um fimm umsóknir berist frá hvoru hinna landanna, Færeyjum og Grænlandi.

**6. Næsti fundur**

Næsti fundur verður miðvikudaginn 26. mars kl. 13.00 í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00.